



FERÐAÞJÓNUSTA Í TÖLUM

- Sumar (júní-ágúst) 2025

Erlendir ferðamenn um Keflavíkurflugvöll


Brottfarir erlendra farþega sumarið 2025¹

	% af brottförum	Fjöldi	Breyting** frá	
			2024	2023
Heildarfjöldi		847.005	9,9%	7,4%
<i>10 stærstu þjóðernin*</i>				
Bandaríkin	33,8%	286.472	7,9%	-5,4%
Þýskaland	7,3%	61.989	11,0%	1,4%
Frakkland	4,9%	41.781	22,7%	3,3%
Bretland	4,9%	41.616	25,6%	17,2%
Kanada	4,8%	40.964	20,7%	69,4%
Ítalía	4,8%	40.394	11,3%	24,9%
Kína	4,0%	33.792	33,6%	168,9%
Spánn	3,9%	33.054	32,2%	18,0%
Pólland	3,2%	27.368	-21,1%	-48,3%
Holland	2,6%	22.265	15,5%	34,1%

*Samanlagt voru tíu stærstu þjóðernin 74,2% af heild.


**Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2025/'24 og 2025/'23.

Brottfarir eftir mánuðum ('000)¹




Erlendir ferðamenn að sumri – þróun á 10 ára tímabili

Fjöldi brottfara ('000) erlendra farþega að sumri¹



Brottfarir 5 stærstu þjóðerna¹



Tilgangur Íslandsferðar og dvalarlengd ferðamanna

Megintilgangur sumarið 2025²

	Fjöldi*	% af brottförum
Frí	792.797	93,6%
Heimsókn til vina/ættingja	23.716	2,8%
Viðskiptatengt	2.541	0,3%
Heilsutengt, nám o.fl.	11.011	1,3%
Stutt dvöl (ekki gist)	16.940	2,0%


*Fjöldatölur eru uppreiknaðar út frá talningum á Keflavíkurflugvelli.

Dvalarlengd sumarið 2025²


	Meðalfjöldi gistingu
Alls	8,2
Bandaríkin	6,9
Þýskaland	11,2
Frakkland	10,6
Bretland	6,5
Kanada	6,8
Ítalía	8,8
Kína	5,1
Spánn	8,7
Pólland	8,5
Holland	8,7

Heimsóknir erlendra ferðamanna eftir landshlutum

Hvaða landshluta heimsóttu ferðamenn sumarið 2025²



Í hvaða landshluta gistu ferðamenn sumarið 2025²



Hótelgistinætur að sumri

Skráðar gistinætur á hótélum júní - ágúst 2025*²

	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá	
			2024	2023
Gistinætur alls		1.848.759	10,5%	8,7%
Íslendingar	8,6%	158.553	-39,2%	-21,8%
Útlendingar	91,4%	1.690.206	19,7%	12,9%
-Bandaríkin	36,1%	610.489	9,7%	12,3%
-Þýskaland	10,3%	173.394	24,7%	7,0%
-Kína	5,8%	98.235	88,7%	187,6%
-Bretland	5,4%	91.997	15,7%	-4,3%
-Frakkland	4,7%	78.696	16,9%	15,5%

Framboð á hótélherbergjum og nýting að sumri

Fjöldi herbergja á hótélum júní - ágúst 2025*²


Landið allt				Höfuðborgarsvæðið		
	Fjöldi 2025	Breyting frá 2024 2023		Fjöldi 2025	Breyting frá 2024 2023	
Júní	12.103	0,1%	2,9%	5.621	0,3%	3,8%
Júlí	12.509	3,3%	7,1%	5.621	0,7%	3,8%
Ágúst	12.618	4,0%	7,3%	5.620	0,7%	2,9%

Herbergjanýting á hótélum júní - ágúst 2025*²


Landið allt				Höfuðborgarsvæðið		
	Nýting 2025	Breyting frá 2024 2023		Nýting 2025	Breyting frá 2024 2023	
Júní	79,9%	8,3%	1,3%	81,6%	4,3%	2,0%
Júlí	88,9%	9,8%	2,5%	89,0%	9,6%	1,7%
Ágúst	89,7%	4,2%	4,5%	92,2%	3,4%	9,4%

Herbergjanýting eftir landshlutum 2025**²


Júní



Júlí



Ágúst




Skráðar gistinætur að sumri

Skráðar gistinætur júní - ágúst 2025*²


	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá	
			2024	2023
Gistinætur alls		4.553.405	12,5%	11,6%
Hótel	40,6%	1.848.759	10,5%	8,7%
Gistiheimili	14,0%	638.999	18,1%	9,5%
Önnur gisting	45,4%	2.065.647	12,6%	14,9%

Skráðar gistinætur að sumri – þróun á tíu ára tímabili²



Gistinætur í skráðri gistingu á tíu ára tímabili

Gistinætur í skráðri gistingu júní - ágúst, 2016-2025²



Heimildir

¹Ferðamálastofa og Isavia: Brottfarartalningar á Keflavíkurflugvelli 2016-2025. Um er að ræða talningu á farþegum á leið úr landi áður en komið er inn á brottfararsvæði og ber að skoða tölurnar með þeim fyrirvörum sem aðferðafræðin felur í sér. Talningarnar náðu yfir alla sem fóru í gegnum hefðbundna öryggisleit fram í september 2019. Frá og með október 2019 hefur verið byggt á úrtaksaðferð.

²Hagstofa Íslands: Gistinóttatalningar 2016-2025. Um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir 2025. Með skráðum gistinóttum er átt við gistinætur hjá rekstraraðilum sem eru skráðir í gistináttagrunni Hagstofunnar. Vegna endurskoðunar Hagstofunnar á gistinóttagögnum er ekki unnt að birta sundurliðun eftir þjóðernum fyrir aðrar tegundir gistingar en hótél.

*Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2025/2024 og 2025/2023.

** Innan sviga má sjá breytingu frá fyrra ári (2024).

Ferðapjónusta í tölum, sumar 2025 - samantekt

Í samantektinni Ferðapjónusta í tölum – sumar 2025 má sjá samantekt um brottfarartalningar erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurflugvöll, gistinætur á skráðum gististöðum, framboð og nýtingu á hótélum og nokkrar niðurstöður er varða dvöl ferðamanna á Íslandi s.s. um tilgang ferðar, dvalarlengd og heimsóknir eftir landshlutum.

Um 847 þúsund erlendir ferðamenn í sumar

Um 847 þúsund erlendir ferðamenn* komu til landsins um Keflavíkurflugvöll síðastliðið sumar (2025), um tíu prósent fleiri en í fyrrasumar (2024). Þetta er fjölmennasta ferðamannasumarið frá upphafi mælinga. Með þessu hefur verið slegið metið frá 2018, sem fram til þessa hafði staðið sem metsumar hvað varðar fjölda ferðamanna.

Bandaríkjamenn voru langfjölmennastir, 286 þúsund talsins, sem jafngildir um þriðjungi ferðamanna. Um 7,9% aukningu er að ræða frá fyrra sumri (2024). Í öðru sæti voru Þjóðverjar, um 62 þúsund talsins, 11% fleiri en sumarið 2024. Í þriðja til sjötta sæti komu Frakkar, Bretar, Kanadamenn og Ítalir, um 40 til 42 þúsund hvert þjóðerni, og fjölgaði þeim öllum frá fyrra ári: Frökkum um 22,7%, Bretum um 25,6%, Kanadamönnum um 20,7% og Ítölum um 11,3%.

Langflestir eða um 94% ferðamanna voru í fríi á Íslandi í sumar. Um 2,8% voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum og um 1,3% vegna ýmissa persónulegra ástæðna s.s. vegna náms eða heilsufars. Um 2,3% voru í annars konar tilgangi.

Um 85% ferðamanna heimsóttu höfuðborgarsvæðið á ferð sinni um landið, um 80% Suðurland, um 67% Reykjanes, 56% Vesturland, 50% Norðurland, 43% Austurland og 25% Vestfirði.

Meðalfjöldi gistinóttar 8,2 nætur

Ferðamenn dvöldu að jafnaði 8,2 nætur á ferðalögum um Ísland síðastliðið sumar. Samanburðargögn fyrir árið 2024 liggja ekki fyrir, en árin þar á undan gefa til kynna lítilsháttar lengri dvöl eða 8,6 nætur árin 2022 og 2023.

Bandaríkjamenn, sem hafa langmest vægi vegna hárrar hlutdeildar í komum ferðamanna, dvöldu að jafnaði 6,9 nætur sumarið 2025, álíka lengi og 2023 og 2022. Af tíu fjölmennustu þjóðernunum dvöldu Þjóðverjar lengst eða 11,2 nætur en þar á eftir komu Frakkar með 10,9 gistinætur og Hollendingar með 9,8 nætur.

Gistinætur erlendra ferðamanna á hótélum með mesta móti

Gistinætur á hótélum voru um 1,8 milljónir talsins síðastliðið sumar (2025), um 176 þúsund fleiri (+10,5%) en þær voru sumarið 2024. Hótelgistinætur hafa ekki áður mælst svo margar að sumri til.

Um níu af hverjum tíu gistinóttum voru tilkomnar vegna erlendra ferðamanna, alls um 1,7 milljónir talsins, sem er um 279 þúsund fleiri (+19,7%) en í fyrrasumar (2024).

Nýting herbergja á hótélum um 90% í júlí og ágúst

Sumarið 2025 voru í boði tæplega 13 þúsund hótélherbergi á landinu þegar mest var (í ágúst), þar af voru 44,5% á höfuðborgarsvæðinu. Framboð herbergja jókst lítillega á landsvísu frá því í fyrrasumar (2024).

Herbergjanýting á hótélum á landsvísu var 79,9% í júní, 88,9% í júlí og 89,7% í ágúst. Í júní var nýtingin 84,7% á Suðurlandi, 81,6% á höfuðborgarsvæðinu og á bilinu 68-78% í öðrum landshlutum. Í júlí og ágúst fór nýtingin í um eða yfir 90% á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Austurlandi. Nýtingin á Norðurlandi og Suðurnesjum í júlí og ágúst var frá 84% til 86%, en á Vesturlandi/Vestfjörðum var hún lægri, eða 79% í júlí og 72,8% í ágúst.

Gistinætur aldrei mælst svo margar að sumri til á skráðum gististöðum

Gistinætur á skráðum gististöðum voru um 4,5 milljónir síðastliðið sumar (2025) og hafa aldrei áður mælst svo margar. Fyrra met var frá sumrinu 2023, þegar gistinætur voru 4,1 milljón, um 472 þúsund færri (-10,4%) en sumarið 2025.

Flestum gistinóttum sumarið 2025 var eytt í júlí (38,5%), rúmum þriðjungi (35,3%) í ágúst og ríflega fjórðungi (26,2%) í júní.

Vegna endurskoðunar Hagstofunnar á gistináttagögnum var ekki unnt að birta sundurliðun eftir þjóðernum fyrir aðrar tegundir gistingar en hótél.

* Fjöldatölur taka mið af brottfarartalningum Ferðamálastofu og Isavia á Keflavíkurflugvelli og ber að skoða tölurnar með þeim [fyrirvörum](#) sem aðferðafræðin felur í sér.